

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 24. október 2013  
Tilvísun: UST20131000127/bs

### Flóðavarnir - Litla Dalsá, Patreksfirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða byggingu leiðigarða sem verða frá 1-3 m á hæð við farveg Litlu Dalsár.

Þeim er ætlað að verja lóðirnar Aðalstræti 98-100 og 110. Efnisþörf er talin vera um 6.300 m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að þetta efni falli til við uppgröft og landmótun á svæðinu. Fyrirhugað framkvæmdarsvæðið er á graslendi sem hefur þegar verið raskað að hluta.

Við hönnun mannvirkjana verður lögð áhersla á velja þeim form og yfirborð þannig að þau falli sem best að aðliggjandi landslagi.

Hér er um tiltölulega lítil mannvirki að ræða sem unnt ætti að vera að fella að farvegi Litlu Dalsár þannig að mannvirkin verði lítt áberandi. Enginn efnistaka verður utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Fylgst verður með framvindu gróðurs að framkvæmdum loknum.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að bygging leiðigarða við Litlu Dalsá muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur